

Gátlisti farsældar í leikskóla

Viðmið

Þessi gátlisti snýr að samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna samkvæmt lögum nr. 86/2021. Athugið að með því að merkja við þennan gátlista er verið að samþykkja að niðurstöðum verði deilt með Barna- og fjölskyldustofu. Þetta á bara við um gátlista um farsæld.

Viðmið 1: Markmið leikskólans í átt að farsæld - Skólastjórnendur bera ábyrgð á að innleiða og viðhalda hugmyndafræði og markmiðum farsældarlaganna í öllu starfi leikskólans.

Viðmið 2: Hlutverk og ábyrgð tengiliðar farsældar í leikskólastarfi – Tengiliður farsældar í samvinnu við skólastjórnendur tryggir að hlutverk hans sé skýrt og sýnilegt börnum, foreldrum og öðru starfsfólki leikskólans. Hann sækir fræðslu um hlutverk sitt og þekkir verklagsreglur og úrræðalista.

Farsæld	Núverandi staða				
	1	2	3	4	5
Viðmið 1 – Markmið leikskólans í átt að farsæld					
<p>1.1 Farsældarlög eru innleidd í allt verklag leikskólans. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru skýr, sýnileg og samofin öllu starfi skólans.</p> <p><i>Ítarefni:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Gera farsældarlögunum hátt undir höfði á heimasíðu leikskólans, helst á forsíðu. Hugmyndafræði og markmið farsældarlaganna eru samofin starfi skólans.</i> <ul style="list-style-type: none"> ○ <i>Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfi að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Við berum öll ábyrgð á að:</i> <ul style="list-style-type: none"> ▪ <i>Fylgjast með velferð og farsæld barna og foreldra og meta þörf fyrir þjónustu.</i> ▪ <i>Bregðast við þörf barna og foreldra fyrir þjónustu á skilvirkan hátt um leið og þörf krefur.</i> ▪ <i>Hafa samráð okkar á milli með það að markmiði að þjónusta sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.</i> • <i>Skólastjórnendur nefna farsældarlögin í erindum sínum, til dæmis í kynningum fyrir foreldra, þegar börn byrja í leikskóla eða við útskrift úr leikskóla.</i> • <i>Börn heyra um réttindi sín í tengslum við farsældarlögin og þá sérstaklega starf tengiliðs farsældar frá starfsfólki leikskólans í gegnum leik og í skapandi starfi.</i> 					
1.2 Skólastjórnendur hafa sótt sér fræðslu um farsældarlöggjöfina m.a. um hlutverk og ábyrgð leikskóla. Skólastjórnendur eru meðvitaðir um ábyrgð sína við að innleiða og viðhalda farsæld innan veggja leikskólans.					

<p><i>Ítarefni:</i> Skólastjórnendur geta leitað eftir upplýsingum og fræðslu um farsældarlöggjöfina á heimasíðunni www.farsaeldbarna.is, heimasíðu BOFS (www.bofs.is) og frá farsældarsviði BOFS. Einnig er hér slóð á löggjöfina 86/2021: Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna Lög Alþingi (althingi.is)</p>					
<p>1.3 Allt starfsfólk fær reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Starfsfólk er meðvitað um ábyrgð sína sem þjónustuveitendur og veit hvernig bregðast á við þegar þörfum barna er ekki mætt.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Skólastjórnendur tryggja að allt starfsfólk fái reglulega fræðslu um farsældarlöggjöfina og samþættingu þjónustu. Skólastjórnendur geta leitað til farsældarsviðs BOFS eftir aðstoð við fræðsluna.</p>					
<p>1.4 Ítarlegur úrræðalisti fyrir þjónustu á fyrsta stigi (grunn- og einstaklingsmiðaður stuðningur) er til staðar og aðgengilegur starfsfólki og foreldrum. Úrræðalistinn er uppfærður reglulega.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Skólastjórnandi ber ábyrgð á að þessi listi sé til staðar og aðgengilegur fyrir starfsfólk leikskólans og foreldra. Listinn er unninn í samráði við sveitarfélagið, tengiliði og annað starfsfólk stoðþjónustu. Mikilvægt er að úrræðalistinn sé uppfærður reglulega.</p>					
<p>1.5 Búið er að útnefna tengilið/i farsældar við leikskólann og tilkynna til BOFS.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Sjá nánar hlutverk tengiliðar farsældar samkvæmt reglugerð um tengiliði og málstjóra sem samþykkt var og gefin út í október 2022. 1180/2022 – Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. (island.is)</p>					
<p>1.6 Tryggt er að tengiliður farsældar hafi tíma og svigrúm til að sinna hlutverki sínu.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Skólastjórnendur fara reglulega yfir verkefnastöðu tengiliðar og kanna til dæmis hvort úthluta þurfi einhverjum af núverandi verkefnum til samstarfsfólks svo viðkomandi hafi tíma og svigrúm til að sinna hlutverki sínu sem tengiliður.</p>					
<p>1.7 Tengiliður farsældar er aðgengilegur börnum og foreldrum og hlutverk hans er vel skilgreint. Skólastjórnendur sjá til þess að upplýsingar um tengilið leikskólans og hlutverk hans sé aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Koma skal fram á heimasíðu leikskólans hver sinnir hlutverki tengiliðar og hvernig hægt sé að hafa samband.</p>					
<p>1.8 Börn og foreldrar eru vel upplýst um farsældarlöggjöfina og hlutverk og ábyrgð leikskólans í átt að farsæld allra barna.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Upplýsingar um farsældarlöggjöfina eru sýnilegar á heimasíðu leikskólans, til dæmis með því að gera sér flípa um farsæld.</p> <p>Þar er að finna upplýsingar um löggjöfina, tengilið leikskólans og hvar er hægt að nálgast hann auk gagnlegra tengla, svo sem www.bofs.is og www.farsaeldbarna.is, og 1180/2022 – Reglugerð um tengiliði og málstjóra samþættingar þjónustu í þágu farsældar barna. (island.is).</p>					

<p>1.9 Skólastjórnendur tryggja að til staðar séu verklagsreglur hjá leikskólanum um viðbrögð við helstu viðfangsefnum barna sem þurfa aðstoð tengiliðar og það komi fram í verklagsreglum hver ber ábyrgð á því að verklagsreglum sé fylgt.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Dæmi um slík viðfangsefni eru tilfinningavandi, hegðunarvandi, heilsufarsvandi, félagslegur vandi, einelti, ofbeldi, grunur um frávík í þroska o.fl.</p>					
<p>Viðmið 2 – Hlutverk og ábyrgð tengiliða farsældar í skólastarfi</p>					
<p>2.1 Tengiliður farsældar hefur sótt fræðslu hjá BOFS um hlutverk sitt. Hann viðheldur þekkingu sinni um farsældarlöggjöfina og hlutverk sitt því tengdu.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Skólastjórnendur tryggja að tengiliður sækir fræðslu um farsældarlöggjöfina og viðhaldi þekkingu sinni. Ef nýr tengiliður tekur við í leikskólanum er mikilvægt að tryggja að viðkomandi sækir fræðslu frá BOFS.</p> <p><u>Hér</u> er hægt að nálgast hlekk inn á Farsældarskóla Barna- og fjölskyldustofu. Þar er að finna námskeið fyrir tengiliði farsældar.</p>					
<p>2.2 Tengiliður farsældar þekkir vel úrræðalista um úrræði á fyrsta stigi innan sem utan veggja leikskólans.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Sjá nánar viðmið 1.4 fyrir nánari upplýsingar um úrræðalista.</p>					
<p>2.3 Tengiliður farsældar þekkir vel verklagsreglur um viðbrögð við helstu viðfangsefnum barna sem þurfa aðstoð tengiliðar.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Sjá nánar viðmið 1.9 fyrir nánari upplýsingar um verklagsreglur.</p>					
<p>2.4 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, kynnir hlutverk tengiliðar reglulega fyrir börnum og foreldrum.</p> <p><i>Ítarefni:</i> T.d. með tölvupósti og benda á hvar upplýsingar um tengilið farsældar er að finna og hvernig börn og foreldrar geta nálgast hann. Mikilvægt er að upplýsingar séu aðgengilegar og auðskiljanlegar og geri ráð fyrir fjölbreytileika meðal nemenda og foreldra.</p>					
<p>2.5 Tengiliður farsældar, í samráði við skólastjórnendur, stendur fyrir fræðslu til foreldra um farsældarlöggjöfina, samþættingu þjónustu og hlutverk tengiliðar við upphaf leikskólagöngu barna og eftir þörfum.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Þetta má gera t.d. með kynningu á foreldrafundum og með tölvupóstum og benda á hvar upplýsingar um tengilið farsældar er að finna og hvernig börn og foreldrar geta nálgast tengilið.</p>					
<p>2.6 Tengiliður farsældar fylgir eftir verklagsreglum leikskólans í vinnu með börnum og foreldrum sem þurfa aðstoð.</p> <p><i>Ítarefni:</i> Sjá nánar viðmið 1.9 fyrir nánari upplýsingar um verklagsreglur.</p>					

2.7 Tengiliður farsældar tekur þátt í að tryggja góða samvinnu og samfellu í þjónustu óháð kerfum, t.d. þegar börn flytjast á milli leikskóla eða skólastiga og við heilbrigðis- og/eða velferðarkerfið.

Ítarefni: Í farsældarlögum er lögð áhersla á að tryggja samfellu í þjónustu við börn. Ef aðstæður barns breytast ber fyrri tengilið að sjá til þess að nýr tengiliður fái nauðsynlegar upplýsingar um aðstæður barnsins til að geta gegnt hlutverki sínu.

Þegar nýr tengiliður hefur tekið við hefur fyrri tengiliður ekki lengur heimild til að vinna upplýsingar um barnið. Sjá nánar um vinnslu persónuupplýsinga í 13. lið 2 gr. í reglum um tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á grundvelli laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. (<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=4c35f10a-e7bf-44ea-ba85-a61f5ad011ed>).